

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 824/2009

2010/EES/54/12

frá 9. september 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reikningsskilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IAS-staðal 39 og alþjóðlegan reikningsskilastaðal, IFRS-staðal 7 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla, cinkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 voru samþykktir alþjóðlegir staðlar og túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Hinn 27. nóvember 2008 samþykkti Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 39, og alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS-staðli) 7, (endurflokkun fjáreigna — gildistöku dagur og aðlögun), sem hér á eftir nefnast „breytingar á IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7“. Breytingarnar á IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7 skýra hvaða dag breytingarnar taka gildi og hvaða ákvarðanir um aðlögun gildi um þessa staðla sem Alþjóðareikningsskilaráðið gaf út 13. október 2008.
- 3) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7 uppfylli tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Endurskoðunarhópurinn um ráðgjöf um reikningsskilastaðla lagði mat á álit Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) um stuðning við staðlana, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/505/EB frá 14. júlí 2006 um skipun endurskoðunarhóps um ráðgjöf um reikningsskilastaðla til að ráðleggja framkvæmda-

stjórninni um hlutlægni og hlutleysi álitá EFRAG og tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að álitinu væri skynsamlegt og hlutlægt.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Þar sem ekki er þörf á að þessi reglugerð gildi afturvirkir þarf ekki að gera afturvirkar breytingar á reikningsskilum sem þegar eru tilbúin og birt á grundvelli reglugerðar (EB) nr. 1004/2008.
- 6) Ráðstafanir, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýrningarnefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 39, fjármálagæmingar: færsla og mat, og alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS-staðli) 7, fjármálagæmingar: upplýsingar, breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Hafi fyrirtæki þegar sett fram reikningsskil sín í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1004/2008 þarf ekki að setja þau fram þau á nýjan leik.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. september 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Charlie McCREEVY

framkvæmdastjóri.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 239, 10.9.2009, bls.48. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/2010 frá 29. janúar 2010 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 19, 22.4.2010, p. 27

(<sup>1</sup>) Stjtið. EB L 243, 11. 9.2002, bls. 1.  
(<sup>2</sup>) Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

(<sup>3</sup>) Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 33.  
(<sup>4</sup>) Stjtið. ESB L 275, 16.10.2008, bls. 37.

## VIÐAUKI

## ALPJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTAÐLAR

IAS-staðall 39 og IFRS-staðall 7	Endurflokkun fjáreigna — gildistöku dagur og aðlögun (Breytingar á IAS-staðli 39, fjármálagæringar: fersla og mat og IFRS-staðli 7 fjármálagæringar: upplýsingar)
----------------------------------	---

*Endurflokkun fjáreigna — gildistöku dagur og aðlögun (breytingar á IAS-staðli 39, fjármálagæringar: færsla og mat og ifrs-staðli 7 fjármálagæringar: upplýsingar)*

**Breytingar á IAS-staðli 39**

Liður 103G fellur brott og liðum 103H og 103I er bætt við.

**GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI**

- 103H Endurflokkun fjáreigna (breytingar á IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7), sem gefin var út í október 2008, fól í sér breytingar á 50. lið og lið AG8, auk þess sem liðir 50B–50F bættust við. Eining skal beita þessum breytingum 1. júlí 2008 eða síðar. Eining skal ekki endurflokka fjáreign í samræmi við lið 50B, 50D eða 50E fyrir 1. júlí 2008. Endurflokkun á fjáreign, sem er gerð á tímabilum, sem hefjast 1. nóvember 2008 eða síðar, skal einungis öðlast gildi frá og með þeim degi þegar endurflokkunin fer fram. Endurflokkunum á fjáreign í samræmi við lið 50B, 50D eða 50E skal ekki beitt afturvirkir fyrir 1. júlí 2008.
- 103I Endurflokkun fjáreigna — gildistöku dagur og aðlögun (breytingar á IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7), sem gefin var út í nóvember 2008, fól í sér breytingar á lið 103H. Eining skal beita þessum breytingum 1. júlí 2008 eða síðar.

**Breyting á IFRS-staðli 7**

Ákvæðum liðar 44E er breytt og lið 44F er bætt við.

**GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI**

- 44E Endurflokkun fjáreigna (breytingar á IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7), sem gefin var út í október 2008, fól í sér breytingar á 12. lið og liður 12A bættist við. Eining skal beita þessum breytingum 1. júlí 2008 eða síðar.
- 44F Endurflokkun fjáreigna — gildistöku dagur og aðlögun (breytingar á IAS-staðli 39 og IFRS-staðli 7), sem gefin var út í nóvember 2008, fól í sér breytingar á lið 44E. Eining skal beita þessum breytingum 1. júlí 2008 eða síðar.

